Ár 2017, fimmtudaginn 13. júlí, er í Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. 3/2017:

**Júdódeild UMFN**

**gegn**

**Júdósambandi Íslands**

uppkveðinn svohljóðandi

**dómur:**

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Kærandi skaut málinu til dómstólsins með kæru 26. júní 2017. Kærður er úrskurður Dómstóls Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands frá 21. júní 2017.

Málið var dómtekið í dag að lokinni fyrirtöku þess. Mættir voru Jóhannes Albert Kristjánsson hdl., fyrir hönd Júdódeildar UMFN og Jón Egilsson hrl., Jóhannes Másson, formaður og Bjarni Friðriksson, framkvæmdastjóri af hálfu Júdósambands Íslands og gerðu þeir grein fyrir sjónarmiðum hvors aðila um sig.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

**Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.